

XJ Fundargerð 16. des 2023

Mættir: Sæpór, Guðmundur Auðunsson, Kári Jónsson, Margrét Pétursson, Karl, Sara, Sanna, Jökull, Gunnar Smári.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Fjárhagsstaða flokksins

Desember 2,5 m. kr. rúmlega. Nú er gert ráð fyrir 1,5 m. kr. fyrir Sósíalistapiðinu 2024 en eftir það verður ekki mikið eftir. Næst koma félagsgjöld og sérstök söfnun fyrir kosningar. Rætt hvort það eigi að öllu jafna að passa að við eigum sjóð fyrir „óvænt útgjöld“. Ekki fallist á neitt slíkt - framkvæmdastjórn óhrædd við að eiga bara fyrir föstum útgjöldum (aðalega leigu) en annars óþarft að eiga auka sjóð. Hefð hefur myndast fyrir að sækja fé fyrir stök verkefni (t.d. félagsgjöld, styrkur fyrir kosningar o.fl.).

Umræður um Sósíalistapið - markmið, rammi og draumsýn

Sanna: Margar mismunandi áherslur til að ná til margra hópa, draga marga inn til að stækka flokkinn. Allir eiga að geta tekið þátt hvar sem er á landinu. Niðurlag: Sósíalismi er alveg málið.

Jökull: Mikilvægt að hafa mikinn metnað. Stærsti eventinn hingað til.

Kalli: Hvernig fáum við fólk til að vera með en ekki bara passífur áhorfandi. Mögulegt að hafa mörg "tracks" í dagskránni þannig að fólk geti valið sér hólf sem gerir dagskránni aðeins meira niche. Mikilvægt að vera ekki með þannig metnað að við fórnum kjarnasýn sósíalismans.

Sara: Mikilvægt að metnaðinum fylgi góð samskipti við hina ýmsu hópa. Við erum komin á mikilvæga tímasetningu í sögunni, verðum að setja allt þúður í að mynda góð tengsl við hópa í aðdraganda þingsins í Mars. Outreach sé þannig að þessi hópar og samtök eignist hluta af þinginu.

Sæpór: Sammála Sönnu að við þurfum skýra skilgreiningu á sósíalisma. Efling býður í morgunmat og Efling gæti verið með pallborð sem Sæpór leiðir. Ráðstefna um kommúnisma í Berlín var góð af því það var alltaf opinn spurningatími í lok fyrirlestrar og svo kaffipása þar sem fólk hélt samtalinu gangandi. A.m.k. einn hluti af þinginu verði á ensku.

Kári: Þingið þarf að klukka kosningarnar. Gæti verið upphafið af kosningabaráttu og virkja þannig fólk. Vinnustofur sem nefndar voru áður, það getur merkt að fólk sé virkt. Möguleiki að Samstöðin slái trommur í aðdraganda þingsins til að vekja áhuga.

Guðmundur: Það sem er mikilvægast er að fólkið sem kemur inn á þingið labbi út af þinginu spennt og sperrt, nú sé kominn tími til að gera eitthvað. Húkka inn í reiðina og baráttuandann í samfélaginu. Til að ná stóru peppi „inna á við“ er mikilvægt að fá erlendan gest, sem getur stappað stálinu í samkomugesti.

Smári: XJ er breiður flokkur með samnefnara. Við felum grasrótinni að móta stefnuna í stað þess að gefa stefnumótun og rifrildi um stefnuna súrefni og bandvídd. Mikilvægt að framkvæmdastjórn átti sig á þessu. Mick Lynch gæti verið keynote speaker. „Big tent“ þing þar sem margir fá að vera þó sósíalismi sé í miðjunni - þetta var prófað með því að hafa samband við Ísland-Palestínu og Stjórnarskrárfélaginu (kratar í báðum félögum) - í báðum tilfellum var tekið vel í að taka þátt.

Spurningu varpað fram af ritara: Eru allir á sömu síðu að við eigum að vera með big tent á þinginu. Sæþór er með efasemdir um að breikka faðminn fyrir þingið sé klókt.

Spurning fyrir næsta fund: Erum við ennþá að selja sósíalisma eða erum við komin fram úr því (loksins) og getum farið að selja baráttuaðferðir og fleira.

Karl: Tilboð upp á 350 þús + VSK fyrir að mála og spartla. Tekið til skoðunar af gjaldkera.